



Uppeldi til ábyrgðar



Febrúar 2023



ÓSKAVERÖLDIN

Kennslu í óskaveröldinni er ætlað að gera nemendur meðvitaða um eigin langanir og væntingar sem ráðast af þörfum þeirra og hvað veldur óánægju hjá þeim.

Í heila okkar er svæði sem við getum kallað óskaveröld. Óska merkir það allra besta sem við getum hugsað okkur. Í óskaveröldinni eru myndir af öllu því fólki og öllum þeim hlutum sem skipta okkur máli og gera okkur hamingjusöm. Þetta er eins konar myndaalbúm.

Ef veruleikinn er í samræmi við óskaveröldina, þá erum við ánægð en ef mikið ósamræmi er þar á milli erum við döpur.

Myndir í óskaveröldinni lýsa einhverju sem okkur langar í/til. Ef við skoðum þessar langanir sjáum við að þær uppfylla einhverja þörf og mjög oft fleiri en eina þörf.

GAGNLEGAR SÍÐUR

- ✓ uppbygging.is
- ✓ Uppbygging sjálfsaga á Instagram
- ✓ Facebooksíðan Uppbygging sjálfsaga - uppeldi til ábyrgðar



TIL FORELDRA

- ✓ Við hvetjum ykkur til að eiga reglulega samtál við börnin ykkar um hvaða væntingar þau hafa til skólstarfsins og hvað þau geti lagt af mörkum til að uppfylla þær.
- ✓ Á heimasíðu skólans má finna ganglegar upplýsingar um uppbyggingarstefnuna.

Á DAGSKRÁ

Febrúar

Óskaveröldin.
Bekkjarfundir.

Mars

Vinna með þarfina
t.d. þarfaplatti.
Bekkjarfundir.

Apríl

Friðs verkefni í tengslum við þarfina.
Bekkjarfundir.

